



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

17. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 24. janúar 2025

kl. 11.00 - 13.00 í Borgartúni 27 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir.

Forföll: Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Afgreiðsla fundargerða.
2. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. Staða mála.
3. Stefnumótunardagur BHM þann 20. febrúar 2024. (Fskj. 1a-g)
4. Norrænt samstarf háskólafélagana. Fundur í Finnlandi 10.-12. júní. (Fskj. 2)
5. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.
6. Niðurstaða félagsfundar 22. janúar um könnun á Ritlauna- og rannsóknasjóði.
7. Staðan í kjaramálum og næstu skref.
8. Yfirlýsing stéttarfélaga vegna vinnu starfshóps um virðismat starfa hjá ríki. (Fskj. 3a-b)
9. Umræða um könnun Visku á hagræðingatillögum. (Fskj. 4a-b)
10. Næsti fundur.
11. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.00.

1. Afgreiðsla fundargerða.

Afgreiðslu fundargerða var frestað til næsta fundar

2. Einstaklingsmál hjá Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. Staða mála.

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í tveimur einstaklingsmálum sem stjórn sendi Samráðsnefnd um kjaramál við HÍ. (Mál 2-2024-25 og 3-2025)

3. Stefnumótunardagur BHM þann 20. febrúar 2024. (Fskj. 1a-g)

Stefnumótunarþing BHM verður fimmtudaginn 20. febrúar á Hótel Hilton, Reykjavík Nordica. Fyrir hádegi er stefnumótunarþing en eftir hádegi verður rýnt í innri stefnu BHM. Fyrir hádegi mega 4 fulltrúar mæta frá FPR en eftir hádegi geta fleiri mætt frá stjórn ásamt framkvæmdastjóra. Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi 13. febrúar. Eftirtaldir verða fulltrúar félagsins fyrir hádegi: Sigrún, Ólafur Páll, Ragna og Zophonías. Eftir hádegi mæta Sigrún og Lilja. Athugað verði hvort fleiri hafi tök á því að taka þátt.

4. Norrænt samstarf háskólafélagana. Fundur í Finnlandi 10.-12. júní. (Fskj. 2)

Norræni fundurinn verður að þessu sinni í Vaasa í Finnlandi dagana 10.-12. júní nk. Fundarboð er komið en dagskrá kemur í mars. Gert er ráð fyrir að allt að fjórir fulltrúar félagsins mæti á þann fund.

Hermína vék af fundi kl. 11.30.

5. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.

Formaður fór yfir skipulagningu fundanna með þeim sem höfðu lýst yfir framboði. Ákveðið var að félagið verði með fundi með hverjum og einum frambjóðanda í febrúar. Þá verði opinn fundur fyrir félagsfólk í samstarfi við Félag háskólakennara í byrjun mars.

6. Niðurstaða félagsfundar 22. janúar um könnun á Ritlauna- og rannsóknasjóði.

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal félagsfólks á Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora sem var framkvæmd í nóvember sl. fór fram á félagsfundi 22. janúar sl. Þátttaka á fundinum var mjög góð. Niðurstöðurnar sýna að skiptar skoðanir eru um sumar reglur sjóðsins. Á fundinum kom fram áhugi á því að rýna betur í niðurstöðurnar með eigindlegri rannsókn á kostum og göllum sjóðsins og hvernig hann mótar rannsóknavinna prófessora.

7. Staðan í kjaramálum og næstu skref. (Þessi liður var tekinn fyrir á undan lið 6)

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Staðan er óbreytt og enginn fundur á dagskrá hjá ríkissáttasemjara. Fundur verður með Loga Einarssyni háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 13. febrúar nk. Þar sem fjármögnun háskólastigsins verður rædd.

Samninganefnd félagsins er að skoða mismunandi útfærslur á aðgerðum og möguleika á stuðningi annarra stéttarféлага ef til verkfalls kemur. Fundur með formanni og lögmanni BHM verður síðar um daginn þar sem þessi mál eru á dagskrá. Þá er búið að upplýsa formann LÍS, Landssamtök íslenskra stúdenta, um stöðuna. Gert er ráð fyrir að ræða við önnur félög eins og Stúdentaráð HÍ. Þá var rætt um nauðsyn þess að skipa í verkfallsnefnd, greiðslunefnd og fleira þessu tengt.

Ákveðið var að senda póst til félagsfólks til að upplýsa um stöðuna í kjaramálum, mögulegar verkfallsaðgerðir og atkvæðagreiðslu þar að lútandi.

Guðný vék af fundi kl. 12.45.

8. Yfirlýsing stéttarféлага vegna vinnu starfshóps um virðismat starfa hjá ríki.

(Fskj. 3a-b)

Fyrir ári síðan kom út skýrsla Aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Hópnum var falið að koma á fót þróunarverkefni um virðismat starfa. Eitt af markmiðum verkefnisins er að búa til verkfæri/kerfi sem gæti fangað jafnvirðisnálgun jafnréttislaga og stuðlað að launajafnrétti. Formaður BHM situr í starfshópnum. Þá er bakhópur sem starfar innan BHM og er Gylfi Magnússon fulltrúi FPR í þeim hópi. Nokkur félög innan bandalagsins vilja koma með yfirlýsingu um að þegar starfshópurinn hefur lokið störfum að nýju kerfi verði ekki komið á án þess að stéttarfélögin hafi eitthvað um málið að segja. Ákveðið var að fá Gylfa á stjórnarfund til að fá upplýsingar um starf hópsins.

9. Umræða um könnun Visku á hagræðingartillögum. (Fskj. 4a-b)

Formaður sagði frá könnun sem Viska lagði fyrir sitt félagsfólk um hagræðingartillögur í ríkisrekstri og grein Visku um málið. Sigrún lagði til að félagið myndi gera sambærilega könnun meðal félagsfólks FPR og var það samþykkt.

10. Næsti fundur.

Næsti fundur samkvæmt áætlun verður föstudaginn 7. febrúar kl. 11.00 - 13.00. í Borgartúni 27.

11. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.10.

Fundarritari: LÞ.